

# THE PULSE OF TIME

## Curator's introduction

This retrospective of the work of painter Einar Hákonarson at the Reykjavík Art Museum, held to mark his seventieth birthday, must be deemed an important landmark.

Ever since he returned to Iceland after art studies at the Valand Academy in Göteborg, Sweden, Einar has been a prolific artist and shown his work regularly, while also teaching art and contributing to public debate on current affairs and the place of the arts in society.

The works in this exhibition span his career from juvenilia and student works until the present year, 2014. They have been selected on the principle of enabling visitors to trace the evolution of his art without difficulty.

The theme of the show, Púls tímans/Pulse of Time, is also the title of one of the paintings, and refers to the artist's desire to keep his finger on the pulse of time.

---

## Painter/ human in the foreground

At Einar Hákonarson's first one-man show at the National Museum of Iceland in 1968, it was clear that a new tone was being struck in Icelandic art. The human figure had taken its place in the foreground of the works, after a lengthy absence from the canvas. The works were in the Expressionist mode, influenced by the European Pop Art of the time. But the most obvious influence was that of British Expressionist painter Francis Bacon, one of the most avant-garde artists of the era.

Einar's paintings were characterised by well-thought-out composition and powerful drawing; the human form was juxtaposed and contrasted with the manmade environment. It is interesting to consider the role of the human figures in Einar's art at that time: at a casual glance their function seems to be primarily one of form – to contrast rounded organic forms with hard, angular ones, thus achieving a classic tension within the picture plane. In that classical approach the artist is uncompromising in his standards of composition and other classical features. The present writer here intends to try to read something of the deeper meaning of the works than the most obvious one – on the basis of the conditions of the time when the works were made.

The 1960s were a period of turmoil. Armed conflicts around the globe attracted criticism and protest as never before, while the news media instantly brought the reality of the battlefield into every home, awakening exigent moral questions. It would only be natural for a young artist, seeking a place for himself in art, to see it as humbug to exclude the human being – the focus and the victim in contemporary events – from his work. Einar's works of this period thus give a true reflection of the thinking of that generation – unsure of the future, and desperately seeking a foothold. That atmosphere was captured by poet Jóhannes úr Kötlum in his Óðurinn um oss og börn vor (Ode to Us and Our Children). "For every generation must save the world by creating it in their own image."

Einar's colour palette was judged by some to be too easy and limited at that time, and

he was urged to be more adventurous. No doubt it is true that he was over-cautious in his use of colour, as transpired later when he turned his attention to these aspects of his paintings, and his work became more expressive and incisive.

It is impossible to say whether it was due to Einar's influence, or simply a matter of the Zeitgeist – which tends to be the crucial factor in artistic evolution – but before long similar approaches began to be seen in the work of other Icelandic artists, even including older, abstract, painters.

The early 1980s saw major changes in Einar's art, which have continued ever since. His controlled, disciplined drawing gave way to expressive, powerful brushwork. His palette also became more audacious and provocative. Clearly, the artist had more to say than ever before, and his technique and style were effective in putting across the potent emotions that lay beneath. The art he has made in recent decades is uncompromising, and laden with meaning and narrative content. Since the turn of the century there has been a growing element of social polemicism in his work – direct and unflinching. The finger on the pulse of time is more sensitive; and confrontation with the recent years of turmoil is now placed front and centre, forthright and razor-sharp.

Einar has always been a prolific artist and shown his work regularly, while also undertaking many other responsibilities, for instance as a teacher and principal at the Icelandic College of Arts and Crafts

(forerunner of the Iceland Academy of the Arts), and director of Kjarvalsstaðir, Reykjavík Art Museum.

Einar has not always followed a traditional path in exhibiting his work. On Culture Night in Reykjavík in 2005, for instance, he erected a 600m<sup>2</sup> marquee in the Hljómskálagarður park, where he displayed 90 paintings. A renowned Icelandic painter once remarked, when asked his opinion of a colleague, a popular landscape artist: "He's lucky with the weather." The same cannot be said of Einar and his show in the park: on the opening day of the exhibition the weather was fairly good, and Einar estimates that about 3,000 people saw the show that day. But during the following night a raging storm struck, with torrential rain. Naturally enough, the paintings sustained some water damage, though few of them irreparably.

By his memorable installation, Einar sought to highlight the lack of exhibition spaces for artists in Iceland.

---

## Printmaker

It is safe to say that after Einar returned to Iceland in 1968 following his studies in Sweden there was a turning point in Icelandic printmaking. He brought with him an intaglio printing press which he had bought in Sweden, and installed it in the Icelandic College of Arts and Crafts. Einar then started to teach courses in intaglio technique at the College, while also teaching other subjects. The printmaking courses were attended mainly by working artists, as well as students of the College.

In 1969 the Icelandic Printmakers' Association (Íslensk grafík) was founded on Einar's initiative; most of the members were artists who had attended his courses. He was elected the first chair of the association, and also designed its logo. Some years later it was replaced by a logo designed by artist Jón Engilberts for a previous society of the same name, founded in 1954. The members of the Icelandic Printmakers' Association held their first group show in 1969 at the Unuhús gallery in Reykjavík. It was subsequently shown in three other places in Iceland.

All Einar's strongest qualities as an artist have always been showcased at their best in his graphic art. His remarkable skill in drawing and composition place his graphic works among the best Icelandic works in that field.

The present writer was disappointed to have to decide not to include Einar's graphic art in this retrospective; but our artist judged that it would be best that this exhibition provide the broadest possible view of his painting career within the space available. It is to be hoped that the opportunity will arise before long to address the subject of his printmaking on a similar scale.

---

## Entrepreneur

In addition to his diligent pursuit of his art, Einar has embarked on other ambitious projects. The outstanding example is the construction of a cultural centre in Hveragerði, south Iceland. The building, 960 m<sup>2</sup> in area, is unparalleled as an example of a privately-

founded cultural project. Construction commenced in July 1996, and the centre was opened in July 1997, named Listaskálinn í Hveragerði: the Hveragerði Art Gallery. The building comprised an exhibition space of about 200m<sup>2</sup>, a spacious conference room, restaurant, a shop selling art, and a crafts workshop. The first exhibition in the new gallery was a retrospective of Einar's work.

Clearly this was an ambitious project, undertaken with optimism and daring. It got off to a good start, but its financial viability was always in doubt, mainly due to the burden of loan repayments for construction costs. Ideally the project would have had access to long-term or "patient" investment, but that kind of finance does not seem to be available where the arts are to be nurtured. At the end of 1999 Listaskálinn had to be sold at auction, marking the end of an ambitious and near-unique adventure. The pioneering artist lost everything he owned, but the fine building remains, now housing Listasafn Árnesinga, the LÁ Art Museum.

I would like to express my thanks to Einar Hákonarson, his family and the staff of the Reykjavík Art Museum for their collaboration in the preparation of this exhibition.

Ingiberg Magnússon, Curator



Listasafn Reykjavíkur   
Reykjavík Art Museum

**EINAR HÁKONARSON**  
PÚLS TÍMANS  
THE PULSE OF TIME



Einar Hákonarson, Kjarvalsstaðir, Farwell, 2011.

KJARVALSSTAÐIR

[listasafnreykjavikur.is](http://listasafnreykjavikur.is)

# PÚLS TÍMANS

## Inngangur sýningarstjóra

Nú þegar Listasafn Reykjavíkur efnir til yfirlitssýningar á verkum Einars Hákonarsonar listmálara í tilefni af sjötugsafmæli hans, hlýtur það að teljast mikill viðburður.

Allt frá því að Einar kom hem frá námi í Valand-listaháskólanum í Gautaborg hefur hann verið mjög virkur í listsköpun, á sýningavettvangi og jafnframt við myndlistarkennslu. Hann hefur einnig tekið þátt í umræðu um þjóðfélagsmál og stöðu lista í samfélaginu. Málverkin á þessari sýningu spanna feril hans allt frá æsku- og skólaverkum til ársins 2014. Verkin á sýningunni eru valin með það fyrir augum að sýningargestir geti með auðveldum hætti numið þá þróun sem finna má í verkum Einars. Yfirskrift sýningarinnar *Púls tímans* er jafnframt titill á einu verkinu á sýningunni og vísar sömuleiðis til vilja listamannsins til að hafa fingurinn á púlsi tímans.

---

## Málarinn / maðurinn í forgrunni

Á fyrstu einkasýningu Einars í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1968 varð ljóst að nýr tonn var sleginn í íslenski myndlist. Manneskjan hafði tekið sér stöðu í forgrunni myndverkanna eftir allanga fjarveru í því hlutverki. Expressjónísk málverk undir áhrifum af Pooplist Evrópu þess tíma. Greinilegust voru þó áhrifin frá breska expressjónistanum Frances Bacon sem var á meðal framsæknum myndlistarmanna þess tíma.

Myndverk Einars einkenndust af þaulhugsaðri myndbyggingu og kraftmikilli teikningu þar sem formum mannlíkamans var beitt sem andstæðu gegn manngerðu umhverfi. Áhugavert er að velta fyrir sér hlutverki persónanna í myndverkum Einars á þessum tíma. Fljótt á lítið virðast hlutverk þeirra fyrst og fremst vera formræn, að tefla mjúkum lífrænum formum gegn hörðum og byggja upp klassíska spennu innan myndflatarins. Vissulega sigild afstaða þar sem hvergi er slegið af í kröfum til myndbyggingar og annarra klassískra gilda. Undirritaður vill hér gera tilraun til að lesa eilítið í dýpri merkingu en þá augljósustu, byggða á aðstæðum þess tíma þegar verkin voru sköpuð.

Sjöundi áratugur liðinnar aldar var tími mikilla sviptinga. Umdeildar styrjaldir geisuðu og voru nú áleitnari en nokkru sinni fyrr vegna þess að fréttaflutningur var margfalt hraðari en áður, færði óhugnaðinn nær hverjum og einum á augabragði og vakti nístandi samviskuspurningar. Eðlilegt verður að telja að ungum og leitandi listamanni sem var að staðsetja sjálfan sig á vettvangi listarinnar hafi þótt tómahljóð í því að manneskjan, miðpunktur og fórnarlamb í atburðarásinni, væri ekki fastagestur í sköpunarverkum hans. Myndverk Einars frá þessum tíma endurspeglar því ágætlega hugsanir kynslóðar sem var óörugg um framtíð sína og leitaði ákaft að fótfestu. Þetta andrúmsloft orðaði skáldið Jóhannes úr Kötlum þannig í ljóðinu Óðurinn um oss og börn vor. „Því sérhver kynslóð verður að frelsa heiminn með því að skapa hann í sinni mynd.“

Ýmsum þótti litanotkun Einars fábrotin og átakalítill á þessum tíma og kölluðu eftir meiri áræðni í þeim efnum. Eflaust má til sanns vegar færa að hann hafi verið óþarflega varfærinn í litameðferð eins og í ljós kom þegar hann tók að einbeita sér að þeim þáttum málverksins samhliða því að verk hans og viðfangsefni urðu tjáningarríkari og afdráttarlausari í afstöðu.

Hvort það var vegna áhrifa frá myndverkum Einars eða tíðarandanum, sem jafnan er áhrifamesti gerandinn í framvindu lista, skal ósagt látið, en svo mikið er víst að fljótlega fór að bera á svipuðum viðhorfum í verkum annarra íslenskra myndlistarmanna, jafnvel eldri abstraktmálara.

Um og upp úr 1980 urðu miklar breytingar í listsköpun Einars sem hafa þróast óslitið síðan. Tjáningarrík og kraftmikil pensilskrift tók við af áður fremur beislaðri og agaðri teikningu. Litaskalinn varð sömuleiðis áræðnari og átakameiri. Augljóst var að listamanninum lá meira á hjarta en nokkru sinni fyrr, aðferðir hans og stílbrögð urðu samhliða því vel til þess fallin að koma undirliggjandi tilfinningahita til skila. Myndverk hans frá síðustu áratugum eru mjög afdráttarlaus í framsetningu og hlaðin merkingu og frásögn. Eftir árið 2000 varð samfélagsleg ádeila meira áberandi en nokkru sinni fyrr í málverkum hans, beinskeytt og hispurslaus. Fingurinn á púlsi tímans næmari og uppgjör við nýliðið átakatímabil, sem vikið er að annars staðar í þessum inngangi, orðið þungamiðja myndverka hans á hárbeittan og opin skán hátt.

Einar hefur alla tíð verið afkastamikill myndlistarmaður haldið fjölda sýninga þótt hann hafi gegnt öðrum annasömum störfum, m.a. verið kennari og skólastjóri Myndlista- og handiðaskóla Íslands og forstöðumaður Kjarvalsstaða.

Einar hefur ekki alltaf farið hefðbundnar leiðir í sýningahaldi. Á menningarnótt árið 2005 reisti hann 600 m<sup>2</sup> tjald í Hljómskálagarðinum í Reykjavík og sýndi þar 90 málverk. Þegar þekktur íslenskur listmálari var spurður á lits á verkum starfsbróður síns, vinsæls landslagsmálara, lét hann þessi orð falla: „Hann er heppinn með veður.“ Slíkt verður seint sagt um Einar og sýningu hans í Hljómskálagarðinum. Á opunardegi sýningarinnar var veður allgott og telur Einar að um 3000 gestir hafi komið fyrsta daginn. Næstu nótt skall á stormur og úrhellisrigning. Eins og að líkum lætur urðu talsverðar rakaskemmdir á málverkunum, þó fæstar varanlegar.

Með þessum eftirminnilega gjörningi vildi Einar vekja athygli á bágrri aðstöðu myndlistarmanna til sýningarhalds.

---

## Grafíkerinn

Óhætt er að fullyrða að eftir að Einar fluttist heim frá Svíþjóð árið 1968 hafi orðið þáttaskil í íslenski grafíklist. Hann flutti þá með sér djúpprykkspressu sem hann hafði fest kaup á í Svíþjóð og kom henni fyrir í Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Þar hóf Einar að kenna djúpprykksaðferðir á námskeiðum,

ásamt kennslu í öðrum námsgreinum við skólann. Grafíknámskeiðin voru einkum sótt af starfandi myndlistarmönnum svo og nemendum skólans.

Árið 1969 gekkst Einar fyrir stofnun félagsins Íslensk grafik og flestir stofnenda voru listamenn sem sótt höfðu námskeið hans. Einar var kjörinn fyrsti formaður félagsins og teiknaði jafnframt merki þess. Nokkrum árum síðar var skipt á því og merki sem Jón Engilberts teiknaði fyrir eldra samnefnt félag sem stofnað var 1954. Fyrsta samsýning félagsmanna var í sýningasalnum Unuhúsi við Veghúsastíg árið 1969 og var hún síðar sett upp á þremur stöðum utan Reykjavíkur.

Allir sterkustu eiginleikar Einars sem myndlistarmanns hafa ávallt notið sín til fulls í grafikverkum hans. Gífurlegt vald hans á teikningu og myndbyggingu skipar grafikverkum hans í fremstu röð þess sem gert hefur verið í íslenskri grafiklist.

Það er undirrituðum ekki ánægjuefni að þurfa að standa að þeirri ákvörðun að grafikverkum hans eru ekki gerð skil á þessari yfirlitssýningu, en það var mat okkar listamannsins að best færi á því að þessi sýning gæfi eins víðtæka mynd af málaraferli hans og sýningarrýmið leyfir. Vonandi býðst sem fyrst tækifæri til að gera grafikverkum hans sambærileg skil.

## Athafnamaðurinn

Auk eljusemi við listsköpun hefur stórhugur Einars birst með ýmsum hætti. Bygging 960 m<sup>2</sup> menningarmiðstöðvar í Hveragerði ber þar höfuð og herðar yfir allt annað og á sér enga hliðstæðu hér á landi hvað varðar einkaframkvæmd í menningarmálum. Framkvæmdir við bygginguna hófust um miðjan júlí 1996. Hún var síðan vígð 5. júlí 1997 og hlaut nafnið Listaskálinn í Hveragerði. Í byggingunni var u.þ.b. 200 m<sup>2</sup> sýningasalur, stór ráðstefnusalur, veitingasalur, listmunaverslun og verkstæði fyrir listiðnað. Fyrsta sýningin í húsinu var yfirlitssýning á verkum Einars.

Þarna var augljóslega í mikið ráðist og farið fram af mikilli bjartsýni og stórhug. Reksturinn fór myndarlega af stað, en auðvitað var frá upphafi óvissa með fjárhagslega afkomu, einkum vegna afborgana af lánum vegna byggingarframkvæmdanna. Þar hefði verið þörf fyrir svokallað þolinmótt fjármagn, en það virðist ekki leita á þau mið þar sem skapandi greinar eiga sínar klakstöðvar. Svo fór að síðla árs 1999 fór Listaskálinn á nauðungaruppboð og þar með lauk metnaðarfullu ævintýri sem á sér fáar hliðstæður. Frumkvöðullinn tapaði aleigu sinni, en eftir stendur glæsilegt mannvirki sem nú hýsir Listasafn Árnesinga.

Undirritaður þakkar Einari, fjölskyldu hans og starfsfólki Listasafns Reykjavíkur fyrir samstarfið við undirbúning sýningarinnar.

Ingiberg Magnússon, sýningarstjóri

Poggini, oia a striga/Silence, oil on canvas, 2013; 130 x 90 cm

